

# ULTRATEX

## Á MÚR OG STEINSTEYPU ÚTI: VATNSÞYNNANLEG AKRÝLPLASTMÁLNING.

### ◆ EIGINLEIKAR:

ULTRATEX er vatnsþynnannleg, akrýlbundin plastmálning, sem myndar veðrunarþolna filmu allt niður að 0°C. ULTRATEX hleypir auðveldlega gegnum sig raka og hefur til að bera teygjueiginleika sem hjálpar til að brúa fínar sprungur.

### ◆ NOTKUNARSVIÐ:

ULTRATEX er einkum ætlað til málunar utanhúss á steinsteypu og múrhúð. Vatnsheldni vex verulega, ef steinninn er baðaður með MÓNÓSÍLAN fyrir málun.

### ◆ UNDIRBÚNINGUR:

Flöturinn, sem mála á, þarf að vera þurr og hreinn. Við endurmálun er mikilvægt að fjarlægja alla gamla málningu, sem laus er. Smiti flöturinn af dufti skal binda það með þynntri BRYNJU eða GRUNNTEXI.

### ◆ EFNISLÝSING:

**Þurrktími:** Snertiþurrð eftir um 30-60 mín. við 20°C. Endanlegir eiginleikar nást á um 3 vikum.

**Yfirmálun:** Eftir um 6-10 klst., allt eftir aðstæðum.

**Efnisnotkun:** Um 10 m<sup>2</sup>/L breytilegt eftir hrjúfleika og gleypni flatar.

**Áhöld:** Pensill, rúlla eða málningarsprauta.

**Þynnir og hreinsun áhald:** Vatn.

**Hítastig við málun:** Minnst 0°C við flötinn.

**Varúðarflokkur:** 00-1.

Skv. reglugerð 1025/2005 þá eru viðmiðunarmörk VOC fyrir þessa vöru:  
(fl. A/c) 40 g/l (2010). Þessi vara innheldur minna en 40 g/l.

## MÁ EKKI FRJÓSA

Slippfélagið hf, Dugguvogi 4, 104 Reykjavík Sími: 588 8000 [www.slippfelagid.is](http://www.slippfelagid.is)